



**G J A L D S K R Á**  
**Gildir frá 1. janúar 2020**  
**Snjómokstur og hálkueyðing**

(Öll verð eru með 24% virðisaukaskatti).

**Fastagjald:**

1. Flokkur: Litlar lóðir (raðhús) fastagjald er kr. 5.000, tímagjald við snjómokstur er 7.739 kr.
2. Flokkur: Stærri lóðir (einbýlishús) fastagjald er kr. 5.000, tímagjald við snjómokstur er 7.739 kr.
3. Flokkur: Erfiðar lóðir (einbýlishús) (Mikill halli, snjór orðinn að klaka) fastagjald er kr. 5.000, tímagjald við snjómokstur er 15.375 kr. (gert ráð fyrir vélmokstri).

Kostnaður við snjómokstur og hálkueyðingu er aldrei lægri en sem nemur fastagjaldi, snjómokstur og hálkueyðing er unnin á tímagjaldi.

Ef snjór hefur ekki verið mokaður lengi, kann að vera að verkefni verði háð tímagjaldi sem er 7.739 á klst., en þó aldrei lægri en sem nemur fastagjaldi.

*Innifalið er snjómokstur á heimkeyrslu og aðgengi að aðalinngangi og snjóhreinsun að sorpílátum.*

Tekjulágum ellilífeyrisþegum 67 ára og eldri, sem og örorkulífeyrisþegum með fulla örorku (75%) fyrir 1. janúar 2019, sem eiga lögheimili í Fjarðabyggð, er veittur afsláttur af gjaldi vegna snjómoksturs. Niðurfelling gjaldsins skal vera tekjutengd og miðuð við árstekjur 2018 samanber álagningu skattstjóra 2019 og er sem hér segir:


a) Einstaklingar:	Brúttótekjur allt að kr.	5.068.800	100 % afsláttur
	Brúttótekjur yfir kr.	6.703.372	0 % afsláttur
b) Hjón og samskattað sambýlisfólk:			
	Brúttótekjur allt að kr.	7.698.862	100 % afsláttur
	Brúttótekjur yfir kr.	9.201.172	0 % afsláttur

Niðurfelling gjaldsins er einnig háð hreinni peningaeign og miðuð við hreina peningaeign í árslok 2018 samanber álagningu skattstjóra 2019 og er sem hér segir:

c) Einstaklingar:	Hrein eign allt að kr.	5.000.000	100 % afsláttur
	Hrein eign yfir kr.	10.000.000	0 % afsláttur
d) Hjón og samskattað sambýlisfólk:			
	Hrein eign allt að kr.	10.000.000	100 % afsláttur
	Hrein eign allt að kr.	20.000.000	0 % afsláttur

Eftir að umsókn um þjónustu hefur verið samþykkt, þarf þjónustuþegi að hafa samband við framkvæmdasvið í síma 470-9000 í hvert sinn sem óskað er eftir snjómokstri.

Fjarðabyggð, 20. desember 2019

  
Gunnar Jónsson  
bæjarritari

Samþykkt í félagsmálanefnd 15. október 2019

Samþykkt í bæjarráði 28. október 2019

Samþykkt í bæjarstjórn 31. október 2019

Fjarðabyggð Hafnargötu 2 730 Fjarðabyggð	Sími 470 9000 www.fjardabyggd.is kt.470698-2099	Mjólfjörður Norðfjörður	Eskifjörður Reyðarfjörður	Fáskrúðsfjörður Stöðvarfjörður	Breiðdalur
------------------------------------------------	-------------------------------------------------------	----------------------------	------------------------------	-----------------------------------	------------